

FRÉTTABRÉF

TRÚNAÐARRÁÐ

EFLINGAR



Fundað í fyrsta sinn í nýju Félagsheimili Eflingar


Fyrsti trúnaðarráðsfundur starfsársins 2021-2022 verður haldinn 16. september og fundarboð frá formanni hefur verið sent út. Fundurinn verður haldinn í nýju Félagsheimili Eflingar á 4. hæð í Guðrúnartúni. Miklar breytingar voru gerðar á húsnæðinu meðan á samkomutakmörkunum stóð síðastliðinn vetur og hentar nú betur fyrir fundi ráðsins sem og aðra viðburði með félagsmönnum. Komið og sjáið húsnæðið á fundinum! Fundur hefst klukkan 18:00 og húsið opnar 17:30. Léttar veitingar í forsal á 4. hæð. Skráið ykkur á fundinn [hér](#).

Fundadagskrá starfsársins og aðrar gagnlegar upplýsingar

Inni á [lendingarsíðu Trúnaðarráðs](#) má finna fundadagskrá vetrarins, lista yfir trúnaðarráðsfélaga, reglugerðina um endurgreiðslu félagsgjalds, fundargerðir síðustu funda, eldri fréttabréf og fleira.

Hlaðmenn á Reykjavíkurflugvelli gestir á trúnaðar- ráðsfundi

Eflingarfélagar hjá Icelandair í hlaðdeildinni á Reykjavíkurflugvelli hafa staðið þétt með trúnaðarmanni sínum, Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, sem var rekin úr starfi á sama tíma og hún var í viðræðum við fyrirtækið um réttindamál starfsmanna. Hlaðmenn verða sérstakir gestir á fyrsta trúnaðarráðsfundi starfsársins.



Nýr vefur Eflingar kominn í loftið

Endurhönnuð vefsíða Eflingar – www.efling.is – er komin í gagnið, sneisafull af gagnlegu efni fyrir virka félagsmenn, trúnaðarmenn og aðra. Mun einfaldara en áður er að fletta upp upplýsingum um kjarasamninga og réttindamál, og allar upplýsingar aðgengilegri. Allt efni á síðunni er á bæði íslensku og ensku, og unnið er í því að auka pólskt efni.

Munið að skrá bílnúmer í lesara!

Allir gestir í Guðrúnartúni 1 þurfa að skrá bílnúmer í sérstakan lesara til að forðast gjaldtöku. Gildir þetta til kl. 19 á kvöldin og þurfa trúnaðar-ráðsfélagar að hafa þetta í huga þegar fundur hefst klukkan 18. Lesari er á 4. hæð við innganginn og einfalt að nota hann. Það dugar að stimpla bílnúmer bílsins og aðstoða starfsmenn við þetta ef þarf. Skráningin gildir næstu 4 klukkustundir frá því stimplað er.

Þing Starfsgreinasambandsins verður í lok mars 2022

Því miður hefur ítrekað þurft að fresta þingum landssamtaka innan verkalýðshreyfingarinnar vegna kórónuveirunnar.

Nú liggur fyrir að þing Starfsgreinasambands Íslands (SGS) verður á Akureyri dagana 23.-25. mars næstkomandi. Eflingarfélagar hafa því góðan tíma til undirbúnings, en miklu skiptir að þingfulltrúar Eflingar fjölmenni á fundinn, þar sem kosið verður til formanns og stjórnar SGS.

Fræðsludagskrá vetrarins kynnt í efnismiklu Fræðslublaði

Fræðslublað vetrarins hefur verið sent í pósti til félagsmanna og lesa má rafræna útgáfu [hér](#). Mikið er af viðburðum sem eiga sérstakt erindi við virka félagsmenn, t.d. þessir:

- Fyrir trúnaðarmenn:
Trúnaðarmannanámskeið 1, 2, 3 og 4 verða kennd bæði á íslensku og ensku í Félagsheimili Eflingar á 4. hæð í Guðrúnartúni og dreifð yfir veturinn. Allir trúnaðarmenn eiga að sækja þessi námskeið og eiga rétt á að gera það án launaskerðingar. Dagsetningar og tímasetningar eru í blaðinu.
- Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra sem tengjast baráttu félagsins verða í boði undir merkjum almennu brautar Vitans - skóla Eflingar. Dagskrá verður auglýst síðar en dagsetningarnar eru 2., 9., 16. og 23. nóvember kl. 18-21 á íslensku og 3., 10., 17. og 24. nóvember á ensku. Þátttaka er ókeypis fyrir alla Eflingarfélaga en trúnaðarráðsfélagar eru sérstaklega hvattir til að sitja almennu brautina!
- Tvö námskeið verða á vegum Félagsmálaskóla Alþýðu sem tengjast kjaraviðræðum og störfum samninganefnda en það eru „Samskipti og liðsheild samninganefnda“, 2. nóvember og „Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samninga-viðræður og boðun verkfalla“, 9. nóvember. Trúnaðarráðsfélagar eru sérstaklega hvattir til að sækja þessi námskeið.

